

Að eilífu Njála

Eru ekki allir orðnir leiðir á að tala um Íslendingasögurnar? Er hugmyndaheimur þeirra og lífsspeki um sæmd og sjálfstæði sem vísað er í á tyllidögum ekki löngu úrelt karlagrobb? Eru þær ekki bara draugar fortíðar? Nei, svo virðist sem saga á borð við Njálu lifi ennþá góðu lífi. Það er sennilega vegna þess að sammanlegt og sígilt efni hennar (ást, afbrýði, ætt og fjölskyldubönd) er í sífelldri endurvinnslu með hverjum lesanda og túlkanda sem gefur því nýtt líf og nýja merkingu. Þetta er útgangspunkturinn í bók Jóns Karls Helgasonar, Höfundar Njálu, en hún snýst um framhaldslíf þessarar fornfrægu og lífseigu sögu í nútímanum – s.s. bók um bókmenntir sem byggja á Njáls sögu. Ljóst er að Njála tilheyrir heimsbókmenntunum en Jón Karl beinir sjónum einkum að njálulífi á Norðurlöndum, Bretlandi og Þýskalandi. Hann fjallar t.d. um þekktu, enska þýðingu George Webbe Dasents frá árinu 1861, *The Story of Burnt Njal*, en þessi þýðing lá mörgum öðrum Njálupýðingum og túlkunum til grundvallar í heila öld; amerísku skáldsöguna *Fire in the Ice* eftir Dorothy James Roberts sem kom út hundrað árum síðar; og leikritin *Nial den Vise* og *The Riding to Lithend*. Einnig eru ljóð sem tengjast Njálu tekin til skoðunar, t.d. þýskt, rómantískt söguljóð sem heitir Gunnar von Hlidarendi þar sem skáldkonan von Engelhardt-Pabst leggur út af stormasömu hjónabandi þeirra Hallgerðar. Þá skoðar Jón Karl myndskreytingar Njálu í hinum ýmsu útgáfum en í raun eru þær enn ein ný þýðing eða túlkun sögunnar (sbr. 115). Ótrúlega mörg erlend bókmenntaverk byggja á atburðum og persónum Njáls sögu svo hægt er með sanni að tala um t.d. enska Njáluhefð (48). Mark Njálu má því víða kenna í vestrænni menningu.

Bók Jóns Karls er bæði skemmtilega skrifuð og lifandi. Lesandinn er leiddur inn í fræðin með myndrænum sviðsetningum, sbr. t.d. upphaf kaflans Útgefandinn. Það er alltaf ánægjulegt að lesa fræðibók sem er blátt áfram og yfirlætislaus. Textinn er auk þess sérlega vel upp byggður og tengingar allar vel ígrundaðar. Bókin skiptist í átta kafla sem heita t.d. Sagnaskáldið, Barnabókahöfundurinn og Ferðalangurinn. Í kaflanum um Sagnaskáldið eru nefndar nokkrar af þeim skáldsögum sem skrifaðar hafa verið út frá efni Njálu. Þar eru Hlíðarendahjónin í brennidepli og m.a. kynnt sú forvitnilega hugmynd að Makbeð og lafði hans séu þeim skyld. Hallgerður er síung og breytni hennar eilíf uppspretta kenninga um kveneðlið. Hafa ýmis sagna- og leikritaskáld túlkað hana með misjöfnum árangri. Hún er ýmist drykkfelld og útlifuð eins og Hollywood-leikkona, valdasjúkt tálkvendi eða fegurðin uppmáluð, stolt og sjálfstæð, kyntákn allra tíma. Forvitnilegt er að lesa um barnabókahefð Njálu en endursagnir úr sögunni voru kenndar í t.d. breskum og þýskum skólum. Í Þýskalandi nasismans tók æskan sér hinn hreinlynda og germanska Gunnar til fyrirmyndar, víkinginn frækna sem sigldi um sólroðinn sæ í ævintýraleit. Í kaflanum sem kallast Ferðalangurinn eru víðraðar kenningar um margbrotin áhrif Njálu á ferðabækur breskra nítjándu aldar höfunda. Þessum áhugaverðu þælingum lýkur með tengingu við Íslandsför Guðmundar Andra Thorssonar sem út kom 1996.

Bókinni fylgir margmiðlunardiskurinn Vefur Darraðar sem inniheldur m.a. fjölda ljóða um persónur og atburði Njálu og myndskreytingar ýmissa útgáfna sögunnar heima og erlendis; hljóðupptökur, t.d. af frægri túlkun Laxness á Gunnarshólma; og

kvikmyndir. Diskurinn er vel hannaður og þægilegur í notkun, hreinlega hvalreki fyrir kennara, nemendur og alla áhugamenn um Njáls sögu. Höfundar Njálu er stórgott og alþýðlegt fræðirit sem sannar áframhaldandi langlífi eða jafnvel eilífð Njálu. Á henni virðast engin ellimörk vera.

Jón Karl Helgason
Höfundar Njálu. Þræðir úr vestrænni bókmenntasögu
Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar
2001

Steinunn Inga Óttarsdóttir